



Menntun - Mannrækt

Jafnréttisáætlun Njarðvíkurskóla 2018-2019



*Jöfn staða og jafn réttur
kvenna og karla, stráka og stelpna*

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og jafnréttisstefnu Reykjanesbæjar 2016 og framtíðarsýn Reykjanesbæjar í skólamállum.

Áætlunin nær annars vegar til jafnréttis kynjanna meðal starfsfólks og hins vegar meðal nemenda. Jafnréttisáætlun þessi er hluti af skólanámskrá Njarðvíkurskóla og byggð á jafnréttisstefnu Reykjanesbæjar 2016.

Inngangur:

Stefna Njarðvíkurskóla er að allir, nemendur og starfsmenn, njóti jafns réttar óháð kynferði, kynþætti, trú, kynhneigð eða líkamlegri- eða andlegri fötlun. Skólastarf í anda jafnréttis á einnig að taka mið af mismunandi námshæfileikum nemenda og miða að því að styrkja og efla hvern og einn til framfara og þroska. Starfið á einnig að mótast af metnaði og hvatningu til sjálfstæðra verka og aukinnar víðsýni þar sem hver og einn fær notið sín á eigin forsendum.

Njarðvíkurskóli leggur áherslu á jafnrétti einstaklinga með menntun og mannrækt að leiðarljósi sem eru einkunnarorð skólans.

Mikilvægt er að nemendur og starfsfólk skólans hafi jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku og skal reynt að tryggja það með sem bestum hætti.

Jafnréttisáætlun skólans er kynnt fyrir öllum þeim sem að skólastarfinu koma og áætlunina má nálgast á heimasíðu skólans.

Ábyrgð

Skólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans en skipar jafnréttisnefnd sem sér um endurskoðun og viðhald jafnréttisáætlunarinnar. Í aðgerðaráætlun kemur fram hvernig jafnréttisáætlun er viðhaldið og hver/hverjir bera ábyrgð á einstökum þáttum hennar og hvenær hver þáttur skal unninn.

Jafnréttisnefnd

Til að byrja með þá starfar skólastjóri með nefndinni en Jóhann Gunnar Sigmarsson, Bryndís Harpa Magnúsdóttir, Anika Rós Guðjónsdóttir, Katrín Baldvinsdóttir og Linda Birgisdóttir eru fulltrúar í jafnréttisnefnd Njarðvíkurskóla.

Hlutverk nefndarinnar er:

- að fylgja því eftir að unnið sé samkvæmt jafnréttisáætlun skólans
- endurskoða jafnréttisáætlun skólans árlega og gera viðeigandi breytingar
- taka saman gögn sem unnið er að skv. áætluninni eins og tölulegar upplýsingar og tryggja að þær séu birtar. Umbætur eru gerðar í kjölfarið ef þess er þörf.
- fylgjast með breytingum sem verða á lögum og reglugerðum um jafnréttismál kynjanna.
- vinna og halda utan um hugmyndabanka um jafnréttiskennslu

Starfsfólk

Þess skal gætt í starfsháttum skólans og daglegri umgengni við starfsfólk að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja í skólastarfinu.

Störf

Meirihluti starfsfólks Njarðvíkurskóla eru konur. Við nýráðningar verður leitast við að jafna kynjahlutfallið.

Hvernig: Gerð verði samantekt á kynjahlutfalli starfsfólks skólans eftir starfsheitum.

Hver: Starfsmannaþjónusta /skólastjóri

Hvenær: Haustið 2014 og þriðja hvert ár eftir það.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Reykjanesbæjar skulu öll störf auglýst.

Hvernig: Í starfsauglýsingum verði vitnað í jafnréttisáætlun skólans og jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar. Karlar jafnt sem konur verða hvött til að sækja um lausar stöður við skólann. Komi tveir jafnhæfir umsækjendur til greina skal stefna að því að ráða einstakling af því kyni sem hallar á innan skólans, deildarinnar, kennslugreinarinnar eða stigsins sem um ræðir. Við sérstakar aðstæður t.d. vegna kyns nemanda sem þarf stuðning eða sérstaklega aðstoð, getur verið nauðsynlegt að auglýsa og ráða einstakling af ákveðnu kyni til starfa.

Hver: Skólastjóri

Hvenær: Þegar við á.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Öllum starfsmönnum skólans skal standa til boða að sækja sér endurmenntun. Bæði kyn skulu hafa jafnan aðgang að fjölbreyttri endurmenntun.

Hvernig: Við gerð símenntunaráætlana skal þess gætt að kynjunum sé ekki mismunað og tilboð séu við hæfi beggja kynja. Starfsfólki skal standa til boða fræðsla um jafnréttismál.

Hver: Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri

Hvenær: Við gerð endur-og símenntunaráætlunar skólans.

Laun

Nauðsynlegt er að fylgjast með launum starfsmanna út frá kynjasjónarmiðið að ekki sé um óútskýrðan launamun að ræða milli kynjanna í skólanum. Unnið að því að fá jafnlaunavottun

Hvernig: Gerð verður athugun á launum starfsmanna með áherslu á jafnan rétt kynjanna.

Hver: Skólastjóri, starfsþróunarstjóri og launafulltrúi.

Hvenær: Unnið á skólaárinu 2018-2019

Samræming starfs og einkalífs

Skólastjórnendur stefna að því að koma til móts við þarfir starfsmanna varðandi fjölskyldulíf og gæta þess sérstaklega að sama gildir um karla jafnt sem konur. Mikilvægt er að starfsfólk hafi tækifæri til þess að sinna skyldum sínum í starfi jafnt sem einkalífi og gott jafnvægi sé þar á milli. Reynt er að koma til móts við starfsmenn um sveigjanleika í störfum þar sem kostur er.

Hvernig: Óskir starfsfólks um sveigjanleika verði metnar eftir aðstæðum. Við innra mat hvert ár skal þess gætt að tekið hafi verið tillit til þarfa starfsmanns með tilliti til samræmingar fjölskyldu og atvinnulífs. Í starfsmannaviðtali skal sérstaklega ræða

Þetta og komi óánægja í ljós skal skólustjóri í samvinnu við stjórnunarteymi kanna málið frekar og grípa til aðgerða til að sporna við árekstrum milli samræmingar fjölskyldulífs og atvinnuþátttöku við skólann.

Hver: Skólustjóri í samvinnu við starfsmenn

Hvenær: Í starfsmannaviðtölum og þegar við á.

Kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og einelti

Hvorki kynbundin áreitni né kynferðisleg áreitni skal liðin í skólanum. Starfsmenn eiga alls ekki að setta sig við kynferðislega áreitni en hún getur birst í mörgum myndum s.s. í orðum, snertingu eða látbragði.

Hvernig: Með fræðslu varðandi kynbundna og kynferðislega áreitni.

Hver: Skólustjórn og trúnaðarmaður

Hvenær: Á hvert skal inna starfsmenn eftir upplifun sinni varðandi kynferðislega eða kynbundna áreitni í starfsmannaviðtali og í starfsmannakönnun Skólalápsins sem eru þættir í innra mati skólans auk sérstakrar fræðslu sem fara skal fram eigi sjaldnar en annað hvert ár.

Kynjasambætting

Horfa skal fyrirfram til þeirra þátta sem snert geta kynin á ólíkan hátt. Meta skal fyrirfram hvaða afleiðingar stefnumótun eða ákvarðanatöku getur haft á hvort kyn og bregðast við ef sýnt þykir að verulega muni halla á annað kynið með ákveðinni ákvörðun eða stefnumótun. Mikilvægt er að alltaf sé gengið úr skugga um hvort verið sé að nýta hæfileika og menntun beggja kynja þegar verið er að móta stefnu og taka ákvarðanir.

Hvernig: Gátlisti forsætisráðuneytisins, *Gætum jafnréttis* og fræðsla um jafnréttismál

Hver: Jafnréttisnefnd og stjórnendur skólans

Hvenær: Í lok skólaárs

Nemendur

Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans og í daglegri umgengni við nemendur að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja í skólastarfinu.

Fræðsla

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Unnið er samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla um jafnréttismál og einn af sex grunnþáttum menntunar, *jafnrétti*, hafður í öndvegi í skólastarfinu.

Hvernig: Njarðvíkurskóli starfar samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Markmið er lúta að kennslu í jafnréttismálum sem eru tilgreind í mörgum greinum og skulu kennarar taka mið af því.

Hver: kennarar

Hvenær: Þegar við á, en markmið og kennslutilhögun er lúta að kennslu í jafnréttismálum eru sett fram í bekkjarnámskrám að hausti og endurskoðuð að vori.

Námsgögn

Kennsla og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Kennarar þurfa að gæta þess að nota ekki námsefni sem ýtir undir kynjamismunun eða stöðlun kynhlutverka og þess gætt við innkaup á námsefni.

Hvernig: Námsgagnastofnum hefur útbúið gátlista, þar sem m.a. er horft til kynjasjónarmiða, sem öllum höfundum og öðrum sem vinna fyrir stofnunina er gert að hafa að leiðarljósi. Gæta skal þess að nota ekki gagnrýnislaut námsefni sem sýnir staðlaðar kynjaímyndir og/eða mismunar kynjunum að einhverju leyti.

Hver: Stjórnendur og kennarar.

Hvenær: Þegar við á.

Náms- og starfsfræðsla

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólanum skulu drengir og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf. Mikilvægt er að kynna bæði stúlkum og drengjum möguleika á framhaldsmenntun og störfum sem litið hefur verið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf en jafnframt hvetja nemendur til að prófa það sem hentar hverjum og einum burtséð frá kyni.

Hvernig: Leitað verður til foreldra og atvinnulífsins til að halda stutta fyrirlestrar fyrir nemendur og svara fyrirspurnum. Lög verður áhersla á að fá fólk sem hefur valið sér óhefðbundnar leiðir m.t.t. kyns í námi og starfi. Nemendur hvatti til að kynna sér nám og störf sem áður hefur verið litið á sem hefðbundnar leiðir kynjanna. Leitast verður við að fá fulltrúa frá Jafnréttisstofu til að kynna jafnréttislög, starfsemi stofnunarinnar og jafnrétti með tilliti til launa og í almennum skilningi.

Hver: Náms- og starfsráðgjafi og skólastjórnendur

Hvenær: Þegar við á yfir skólaárið.

Kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni

Nemendur fái fræðslu um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi. Umræðu skal haldið á lofti og nemendum verði ætíð ljóst hvert þeir geti leitað eftir aðstoð komi slík mál upp hvort heldur sem er af hálfu annarra nemenda eða starfsfólks.

Hvernig: Fræðsla til nemenda um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna verði samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og skólanámskrár Njarðvíkurskóla. Á hverju hausti verður farið yfir það með starfsfólki skólans hvað getur falist í kynbundnu áreiti í samskiptum nemenda og starfsmanna. Nemendum verður einnig kynnt hvert þeir geti leitað.

Hver: Skólastjórnendur, kennarar og hjúkrunarfræðingur skólans.

Hvenær: Yfir skólaárið þegar við á.

Samskipti við foreldra/forráðamenn

Starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað í samskiptum við foreldra/forráðamenn og gæta þess að útiloka ekki annað foreldri/forráðamann á grundvelli kyns. Mikilvægt er að litið sé á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfinu.

Hvernig: Í samskiptum við heimilið sé þess gætt að báðir foreldrar séu jafngildir í samstarfinu. Haldið sé utan um tölfræðilegar upplýsingar um kynjaskiptingu foreldra í viðtölum og fundum á vegum skólans.

Hver: Skólastjórnendur, kennarar, foreldrafélag og jafnréttisnefnd skólans.

Hvenær: Þegar við á.

Telji starfsmaður/nemandi á sér brotið samkvæmt áætlun þessari og lausn finnst ekki innan skólans getur viðkomandi leitað til starfsþróunarstjóra Reykjanesbæjar.

Endurskoðun

Endurskoða skal jafnréttisáætlun þessa árlega og næst haust 2019.

Jafnréttisáætlun Njarðvíkurskóla byggir á :

- Lögum um grunnskóla nr. 91/2008
- Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2008
- Aðalnámskrá grunnskóla, 2011
- Ritröð um grunnþætti menntunar, Jafnrétti, 2013
- Skólanámskrá Njarðvíkurskóla
- Framtíðarsýn Reykjanesbæjar í skólamálam, 2001
<http://www.reykjanesbaer.is/thjonusta/menntun-og-fraedsla/grunnskolar/skolastefna/>
- Jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar
https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/jafnrettisaaetlun-reykjanesbaejar_ny.pdf
- Starfsmannastefna Reykjanesbæjar undir hagnýtar upplýsingar þar sem er að finna:
https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/starfsmenntastefna-reykjanesbaejar_ny.pdf
 - Áætlun gegn einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni
 - Leiðbeinandi gátlisti vegna tilkynningar um einelti eða áreitni
 - Einelti og kynferðislegt áreitni á vinnustöðum- forvarnir og viðbrögð
 - Tilkynning um einelti, kynbundna eða kynferðislega áreitni.
- Í starfsmannastefnu Reykjanesbæjar um áreitni og einelti
https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/starfsmenntastefna-reykjanesbaejar_ny.pdf
- Útg. Jafnréttisstofu, leiðbeiningar við gerð jafnréttisáætlunar, sjá www.jafnretti.is
- Stjórnarráð Íslands: reglur um jafnlaunavottun:
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/jafnretti/jafnlaunavottun/>